

1875

**70** hvort hreppurinn ætti að greiða jafnaðarsjóðnum leigu fyrir þessa notkun, eða hverjum  
27da öðrum nánari skilyrðum hún ætti að vera bundin.  
septbr.

**71**  
13da  
október.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Lagt var fyrir amtmanninn að sjá um, að póstsendingavog með lóðum, er útveg-  
uð hafði verið handa amtmannsembættinu og brjefavog með lóðum, sem keypt hafði verið  
handa sýslumannsembættinu í Rangárvallasýslu, framvegis fylgi nefndum embættum.

**72**  
14da  
október.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. hafð þjer herra amtmaður sent mjer skoðunargjörð um  
skemmdir á umboðsjörðunni Eystri-Lyngum, og jafnframt því getið þess, að þjer, þá er  
þjer skoðuðuð umboðsjarðirnar í Skaptafellssýslu, hafð einnig kynnt yður ástand jarðar  
þessarar, og þá ekki sjeð betur en, að hún naumast gæti heitið byggileg, þar sem sand-  
ágangurinn væri svo að segja gjörsamlega búinn að eyðileggja túnið, eins og útheysslægj-  
ur og hagar einnig væru mjög illa útleiknir af hinum sömu skemmdum, og af því að  
nokkuð af landinu lægi undir vatni, er ekki gæti fengið afrennsli vegna þess, að sand-  
hrannirnar hækkuðu landið upp að framan. Þjer hafð því samkvæmt tillögum umboðs-  
mannsins yfir Þykkvabæjarklaustursjörðum mælt fram með, að landsetanum á jörð þessari,  
Ólafi Sveinssyni, sem með brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 24. febr. f. á., var veitt til far-  
daga 1876 20 álna linun í landskuld sinni, verði nú frá næstu fardögum veitt ennfremur  
10 álna linun, svo að landskuldin sem áður var 60 álnir, verði nú 30 álnir, að hálfu  
goldnar eptir meðalverði og að hálfu með 16 aorum fyrir hverja alin, en að þar á móti  
þau 2 kúgildi, sem eru á jörðunni, verði látin halda sjer og eptir þau goldnar fullar  
leigur.

Af þessu tilefni skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar, að jeg eptir mála-  
vöxtum leyfi, að landskuldarlínun sú, sem þjer hafð stungið upp á, veitist greindum leigu-  
líða um þrjú ár frá fardögum 1876.

**73**  
14da  
október.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. senduð þjer, herra amtmaður tillögur umboðsmanns  
Þykkvabæjarklaustursjarða um, að neðan nefndum ábúöndum á nokkrum jörðum, er liggja  
undir nefnt umbod, verði veitt þóknun fyrir að hafa mokað burt af túnum ábylisjarða  
sinna sandi, er á þau f auk síðastliðinn vetur:

1. Stefáni Einarssyni á Þykkvabæjarklaustri 18 álnir, helmingur eptir meðalverði og  
helmingur með 16 aorum fyrir hverja alin, fyrir að hafa unnið 18 dagsverk.
2. Sigurði Nikulássyni samastaðar 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa unnið  
30 dagsverk.
3. Jóni Andrjessyni í Þykkvabæjarklausturshjáleigu 8 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir  
að hafa unnið 8 dagsverk,
4. Stefáni Höskuldssyni á Sandhúsnesi 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa  
unnið 31 dagsverk.

Þjer hafð mælt fram með þessum tillögum, af því, að hjer að eins sje að røða um  
lítilfjörlega þóknun, en engan veginn verulega borgun, fyrir verk þau, er ábúendurnir

hafa unnið til að bæta úr skemmdum þeim, er ábyli þeirra höfðu orðið fyrir af völdum náttúrunnar, og með því að það sje mjög áriðandi, að leiguliðar á umboðsjörðum í Skaptafellssýslu fái upphvatningu til að verja ábyli sín sem mest má verða fyrir skemmdum af sandfoki, er þar hefur á mörgum stöðum gjört fjarska-mikla eyðileggingu, og leggið þjer til, að þessar þóknarir verði veittar með því að gefa hlutadeigandi landsetum svo mikið eptir af landskuldunum fyrir næsta fardagaár sem þóknunum muni svara; en hinum fyrst nefnda leiguliða, sem nú hefur flutt sig að umboðsjörðunni Hraungerði, mætti veita líka linun í afgjaldinu af þessari jörð.

Fyrir þessa sök skal yður tjáð til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg eptir málavöxtum fellst á, að hinar umræddu landskuldaeptirgjafir verði veittar í þóknunarskyui, en að jeg gjöri ráð fyrir, að sjeð verði um, að landsetarnir gæti skyldna sionna til að við halda ábýlum sínum án sjerstaks endurgjalds einnig með tilliti til sandágangs þess, sem árlega má gjöra ráð fyrir, og sem jarðirnar lágu undir, áður en leiguliðar þeir, sem nú eru, tóku þær til ábúðar.

*Skýrsla* (frá amtmanninum yfir suður- og vestur-umdöminu til landshöfðingja, um rádstafanir gegn fjárkláðanum).

Eptir þeim sköðunum, sem fram hafa farið í fjárrjettunum, og eru þær nú nýlega afstaðnar, varð eptir skýrslu hlutadeigandi sýslumanns, hvergi vart við fjárkláða í Borgarfjarðarsýslu. En um sama leyti og rjettirnar voru haldnar þar, fundust tveir gemlingar milli Lundareykjadals og Flókadals, var að minnsta kosti annar þeirra með kláða, og voru þeir skornir. Þar á móti hefur orðið meira vart við sýkina í fjárrjettunum í Gullbringu- og Kjósar-sýslu og Selvogshreppi og Útölfusi innan Árnessýslu, þar sem í Gjáarrjett fundust 13 kindur, í Hveragerðisrjett 10 kindur, í Kambsrjett 8 kindur, í fjárrjettunum í Kjósinni Möðruvalla- Medalfells- og Fossár-rjettum — alls 8 kindur, en í Kollafjardarrjett var allt heilbrigt. Allt hið sjúka fje var þegar skorið, og átti meiri hluti þess heima í fjórum hinum syðstu hreppum Gullbringusýslu, en í þeim hreppum hafa flestallir fjäreigendur með frjálsum samtökum komið sjer saman um að lóga öllu fje sínu fyrir næstkomandi nýár, og eru samþykktir um þetta gjörðar undir stjórn lögreglustjórans, og er gjört ráð fyrir að öllu fje þannig muni verða eytt í greindum hreppum. Um ástandið í hinum öðrum hreppum Árnessýslu, sem liggja á hinu grunada svæði, hefi jeg ekki enn fengið neinar embættisskýrslur, en eptir því, sem mjer hefur verið skýrt frá, hefur fundizt kláði á fáeinum kindum í Grimsnesi og í Þingvallasveit. Í Biskupstungum, sem að vísu liggja fyrir vestan Hvítá í Árnessýslu, en sem þó varla geta talizt til hins grunada svæðis, þar sem þær liggja fyrir utan varðlínu þá, er höfð var í sumar, kvað enginn kláði hafa fundizt.

Þegar nú býið er að eyða fjenu í þeim sveitunum, þar sem allt af hefur veitt torveldast að koma fram lækningunum, get jeg eigi ætlað annað, en að hægt muni verða að ráða við kláðann og útrýma honum nú í vetur, þó hann kunni að gjöra vart við sig á einstöku stað, þegar þeim ráðstöfunum er framfylgt, sem fyrirskipaðar eru í auglýsingu herra landshöfðingjans frá 30. ágústmán. þ. á. Að vísu er nú sem stendur skortur á þaðmeðöllum, en bæði eru nú margir þegar búnir að útvega sjer nægileg meðöl, og svo er vonandi, að úr þessum skorti bætist með seinustu póstskeipsferðinni, og þó þetta gjöri að verkum, að ekki verði allstaðar það að svo snemma, sem vera bæri, verður þó eins nægur tími til böðunar á næstkomandi vetri.